

Nd.

## 97. Nefndarálit

um frv. til laga um ófriðun og eyðing sels í veiðiám.

Vjer nefndarmenn, sem háttv. deild fól mál þetta til meðferðar, höfum rætt það og íhugað. Hefir frumv. þetta að vísu eigi viðtæka þýðingu og mun aðallega miðað við Ólvesá. Sjáum vjer eigi neitt athugavert í því, að veita hjeruðum samþyktaarvald í þessu efni með venjulegum skilyrðum, sem frumv. inniheldur. Atkvæðisrjett að samþykktinni virðist oss rjett að binda við búendur, þá er veiðirjett eiga á því svæði, sem samþykktin nær til, eða eigendur jarðanna. Situr þó atkvæði eiganda leigujarðar fyrir, ef hann vill neyta þess, en falið getur hann það leiguliða að sjálfsgöðu, ef hann er í fjarlægð.

Um leið og vér mælum með frumv. viljum vjer gera við það fáeinar orðabreytingar og berum því fram þessar:

### BREYTINGARTILLÖGUR

- Við 2. gr. Fyrir orðin: »veiði stunda«, komi: er veiðirjett eiga.  
— 3. — Orðin: »og löggildingar« falli burt.  
— 4. — Fyrir orðin: »rjett manna«, komi: rjettindi manna.  
— 5. — Orðið: »þinglesinni« falli burt.  
— — — Fyrir orðin: »og selalátra«, komi: selalátra eða selalagna.

Alþingi 27. júlí 1912.

Ólafur Briem,  
formaður.

Pjetur Jónsson,  
skrifari og framsögum.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Sigurður Sigurðsson.

Guðl. Guðmundsson.